

Fjórhúfundur vetrarins í Gammadeild var haldinn mánudaginn 3. desember, 2012, klukkan 19:30 heima hjá Kristínu Bjarnadóttur að Smáraflöt 30 Garðabæ.

Fundinn sátu eftirtaldir félagar í Gammadeild: Anh – Dao Tran, Árný Elíasdóttir, Björg Eiríksdóttir, Björk Einisdóttir, Bryndís Steinhórsdóttir, Elín Ólafsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Guðný Helgadóttir, Hertha W. Jónsdóttir, Hildur Skarphéðinsdóttir, Helga Halldórsdóttir, Hrefna Þórarinsdóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Ingibjörg Jónasdóttir, Jóhanna Einarsdóttir, Kristjana Stefánsdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Kristín Jónsdóttir, Kristín Jónsdóttir kennslukona, Krístrún Ísaksdóttir, Margrét Jónsdóttir, María Pálmadóttir, Pálína Jónsdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Rannveig Jónsdóttir, Stefanía Arnórsdóttir, Svana Friðriksdóttir, Vilborg Dagbjartsdóttir, Þórunn Björnsdóttir

Tekið fyrir

FundarsetningFormaðurinn okkar setti fund klukkan 19:30, bauð félagskonur velkomnar og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Síðan var nafnakall. Alls sóttu 29 konur fundinn. Árný færði Jóhönnu Einarsdóttur gjöf, fyrir hönd Gammasystra, í tilefni af sextugsafmæli hennar 11. nóvember síðastliðinn. Hún 8 fór því næst yfir dagskrána og Björk Einisdóttir las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.

Dagskráin var með hefðbundnu sniði, veitingar voru bornar fram í upphafi fundar en kaffi og dýrindis meðlæti, sem félagskonur komu með gerð góð skil þegar leið á kvöldið.

Guðný Helgadóttir Gammasystir var með orð til umhugsunar. Í tilefni af því að aðventan var gengin í garð og framundan hátíð ljósanna ákvað hún að leita í smíðju Jóhannesar úr Kötlu. Hún sagði að jólakveðskap Jóhannesar fléttadist saman gaman og alvara, trú og tómhyggja, þjóðfélagsádeila og draumkennd ihugun og að sums staðar væri tónninn hvass en sums staðar angurvær. Guðný las fyrir okkur ljóðin *Jól 1936*, *Jólanótt* og að lokum flutti hún ljóðið *Hátíð fer að höndum ein* og bað þess að bjartsýnistónninn sem þar væri að finna mætti fylgja okkur öllum inn í aðventuna.

Rithöfundurinn Auður Jónsdóttir kom í heimsókn og las upp úr nýútkominni bók sinni. Svana Friðriksdóttir kynnti Auði til sögunnar og sagði þetta meðal annars:

Auður Jónsdóttir er fædd 30. mars 1973. Hún starfar sem rithöfundur og sjálfstæður blaðamaður og hefur skrifað greinar og viðtöl fyrir ýmis tímarit og dagblöð. Smásaga hennar „Gifting“ birtist í tímaritinu *Andblæ* haustið 1997.

Auður hefur skrifað sex skáldsögur: *Stjórnlús* (1998), *Annað líf* (2000), *Fólkið í kjallaranum* (2004), *Tryggðarpantur* (2006), *Vetrarsól* (2008) og *Ósjálfrátt* (2012), og hún hefur einnig sent frá sér tvær barnabækur fyrir almennan markað, *Algjört frelsi* (2001) sem hún skrifaði í samvinnu við Þórarín Leifsson myndskreyti, og *Skrytnastur er maður sjálfur* (2002) sem er ævisaga Halldórs Laxness fyrir börn. Sú bók hlaut viðurkenningu Upplýsingar, félags íslenskra bókasafnsfræðinga sem vel unnið fræðirit fyrir börn og fyrir hana var Auður tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna í flokki fræðirita og bóka almenns efnis. Hún var jafnframt kosin barnabók ársins í kosningu íslenskra bóksala en fleiri bækur Auðar hafa hreppst sæti á listum þeirra í gegnum árin.

Auður hefur þrisvar verið tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna í flokki skáldverka, fyrir *Stjórnlús*, *Fólkið í kjallaranum* og *Tryggðarpant*, en verðlaunin hlaut hún 2004 fyrir *Fólkið í kjallaranum*. Fyrir þá bók var hún einnig tilnefnd af Íslands hálfu til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs 2006 og bókina hlaut afar góðar viðtökur í Danmörku þegar hún kom út þar haustið 2006. 2009 kom *Tryggðarpantur* út í Danmörku og Svíþjóð en forlagsrisinn Random House gaf *Vetrarsól* út í Þýskalandi, Austurríki og Sviss 2011. Sú bók kom út á hollensku 2012.

Auk þess hefur Auður skrifað tvær barnabækur fyrir börn með lestrarerfiðleika hjá Námsgagnastofnun.

Áður en Auður hóf lesturinn sagði hún okkur í stuttu máli frá tilurð nýjustu bókarinnar. Góður rómur var gerður að upplestrinum og nokkrum spurningum varpað til höfundar. Augljóst var að Auður kunni vel við sig í hópi Gammasystra og gaf sér tíma til að drekka kaffi, spjalla og syngja með okkur.

Fundarlok Formaður færði Auði og húsráðanda rós sem þakklætisvott fyrir þeirra framlag til fundarins. Auði þakkaði hún skemmtunina og Kristínu fyrir einstaklega hlýlegar móttökur.

Eftir að allir voru mettir og búið að ræða málin góða stund settist Þórunn Björnsdóttir Gammasystrir við orgelið og spilaði undir söng okkar. Vel var tekið undir og mörg lög sungin.

Brátt kvöddu Gammakonur og héldu heim á leið eftir einstaklega ánægjulega kvöldstund í góðum vinahópi.

Fundargerð skráði Björk Einisdóttir.